

107

28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1950“ í 1. gr. laganna komi: 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

108

28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málslíður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslíð 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.